

Stjórnarfundur UMSE 5. janúar 2017 haldinn í Búgarði. Mætt eru Sigurður, Þorgerður, Einar, Guðrún og Þorsteinn. Forföll boðuðu Bjarnveig, Sigrún, Elvar og Björgvin.

Fundur nr. 766.

- 1) Fundur settur.
Sigurður setti fund kl. 19:35.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) 9. des. 2016, frá ÍF: Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra 2017, boðun á sambandsþing ÍF 2017 sem fram fer laugardaginn 25. mars n.k. á Radisson Blu Hótel Sögu. Lagt fram til kynningar.
 - b) 19. des. 2016, frá UMFÍ: Taktu föstudaginn 3. febrúar frá. Boð á framkvæmdastjórafund UMFÍ í Laugardal og umræðupartý þar sem markmið úr nýrri stefnu UMFÍ verða til umræðu og fleira. Þorsteinn framkvæmdastjóri stefnir á að sækja fundinn.
 - c) 2. jan. 2017, frá FRÍ: Dómaranámskeið 18. og 19. janúar. Lagt fram til kynningar.
 - d) 3. jan. 2017, frá UMFÍ: Íþróttamaður/-kona ársins.
 - i) Spurningalisti sem UMFÍ óskar eftir því að verði lagðar fyrir íþróttamenn. Lagt fram til kynningar.
- 4) Íþróttamaður UMSE.
 - a) Fimmtudaginn, 19. janúar, 2017, kl. 20:00, í Hlíðarbær Hörgársveit. Framkvæmdastjóri er búinn að bóka húsið.
 - b) Styrkumsókn hefur verið send til Hörgársveitar. Hörgársveit á eftir að taka afstöðu til hennar.
 - c) Framkvæmdastjóri hefur samband við Umf. Smárann vegna veitinga á viðburðinum.
 - d) Stjórn útnefni íþróttamenn í kjörið. Stjórn fór yfir þær umsagnir sem borist höfðu, ákveðið var að eftirtaldir yrðu í kjöri til íþróttamanns UMSE.
 - i) Arnór Snær Guðmundsson, Golfklúbburinn Hamar (golfmaður UMSE)
 - ii) Andrea Björk Birkisdóttir, Skíðafélag Dalvíkur (skíðamaður UMSE)
 - iii) Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, Sundfélagið Rán (sundmaður UMSE)
 - iv) Svavar Örn Hreiðarsson, Hestamannafélagið Hringur (hestaíþróttamaður UMSE)
 - v) Haukur Gylfi Gíslason, Umf. Samherjar (badmintonmaður UMSE)
 - vi) Guðmundur Smári Daníelsson, Umf. Samherjar (frjálsíþróttamaður UMSE)
 - vii) Jóhannes Bjarki Sigurðsson, Umf. Samherjar (borðtennismaður UMSE)
 - viii) Eir Starradóttir, Umf. Æskan (tilnefnd af stjórn fyrir góðan árangur í frjálsum)
 - ix) Viktor Hugi Júlíusson, Umf. Svarfdæla (tilnefnd af stjórn fyrir góðan árangur í frjálsum)
 - x) Amanda Guðrún Bjarnadóttir, Golfklúbburinn Hamar (tilnefnd af stjórn fyrir góðan árangur í golfi)
 - xi) Helgi Halldórsson, Skíðafélag Dalvíkur (tilnefndur af stjórn fyrir góðan árangur á skíðum)
 - e) Kjörseðlar verða settir í póst til aðildarféлага og stjórnar UMSE 6. janúar.
 - f) Umsagnir verða sendar með tölvupósti í síðasta lagi mánudaginn 9. janúar.
 - g) Boðun íþróttamanna og önnur boðsbréf verða póstlögð 10. janúar.
 - h) Gengið hefur verið frá pöntun á töskum sem gefnar verða sem viðurkenningar. Kostnaður við töskurnar er um 120.000 kr.
 - i) Styrkur Bústólpa. Samþykkt að veita fimleikadeild Umf. Svarfdæla á Dalvík styrkinn fyrir öflugt barna- og unglingastarf.
- 5) Formannafundur UMSE

- a) Fimmtudaginn, 26. janúar, 2017, kl. 19:00.
- b) Fundurinn verður haldinn í Búgarði.
- c) Dagskrá fundarins.
 - i) Sýnum karakter. Viðar Sigurjóns mun koma með stutta kynningu.
 - ii) Nýbúar í íþróttastarfi.
 - iii) Kostnaður við íþróttaiðkun. Almenn umræða um æfingagjöld, búnað o.fl.
 - iv) Stefnur.
 - (1) Stefnur voru sendar til aðildarfélaganna til umsagnar 8. nóvember. Áminning hefur verið send út um að fara yfir þær fyrir formannafundinn.
 - v) Undirbúningur fyrir ársþing. Umræða um reglugerðir og lög UMSE.
- 6) Ársþing UMSE.
 - a) Árskógi, Dalvíkurbyggð 9. mars.
 - b) Styrkumsókn hefur verið send til Dalvíkurbyggðar.
 - c) Óskað verður eftir því við fulltrúa Umf. Reynis að aðstoða við þinghaldið.
- 7) Varðveisla sögulegra gagna.
 - a) Guðmundur Steindórsson hefur hafið störf. Hann mun stýra verkinu, en jafnframt vera í samstarfi við framkvæmdastjóra.
 - b) Blindravinnustofan hefur lokið vinnu sinni. Samtals kostnaður var um 155 þús. kr. Kostnaður er því tæpum 100 þús. kr. undir áætlun. Skýringin er líklega að myndirnar sem komu úr albúmi Þóroddar Jóhannssonar voru skannaðar saman, hver síða, þar sem þau treystu sér ekki til þess að taka myndirnar úr albúminu til að skanna. Því á eftir að klára vinnslu á þeim myndum (aðskilja og merkja).
- 8) Önnur mál.
 - a) Þjónustugjöld FRÍ vegna 2015 og 2016. Rukkun fyrir þjónustugjöldin 2015 barst í mars 2016. Upphaflega hafnaði UMSE þessum gjöldum þar sem engin sundurliðun fylgdi með, þessi sundurliðun barst nú í desember – málið er í farvegi. Þjónustugjöld 2016 hafa verið greidd. Framvegis verða þessi gjöld send beint á aðildarfélögin, þetta fer ekki gegnum UMSE framvegis.
 - b) Guðmundur Smári Daníelsson hafði samband við skrifstofu UMSE og lagði inn beiðni um að keyptar yrðu nýjar stangarstökkstangir. Þorsteinn ætlar að hafa samband við UFA út af þessu og ákveða næstu skref í framhaldinu.
- 9) Tilhögun næsta fundar.
 - a) Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 2. febrúar kl. 19:30 í Búgarði. Sigrún kemur með veitingar.
- 10) Fundarslit. Sigurður sleit fundi kl. 21:05.

Fundargerð ritaði Einar Hafliðason.